



## Minnisblað

### Efni

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.).  
Þingskjal 1362 — 917. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

### Tillaga um frekari breytingar á 7. gr. laga nr. 101/2023

Í samantekt ráðuneytisins sem send var til efnahags- og viðskiptanefndar þann 27. maí sl. vegna 917. máls lagði ráðuneytið m.a. til breytingar á 7. gr. laga nr. 101/2023 en í ákvæðinu er fjallað um bifreiðar sem skráðar eru erlendis, sbr. kafli 2.3. í samantekt ráðuneytisins.

Í kjölfar birtingar á samantekt ráðuneytisins undir málinu á vef Alþingis móttók ráðuneytið erindi frá Skattinum þar sem lagðar eru til nokkrar breytingar á þeirri tillögu ráðuneytisins sem fjallað var um í samantektinni.

Í fyrsta lagi eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar á 3. mgr. 7. gr. Auk þess er lagt til að það kílómetragjald sem ákvarðað er samkvæmt málsgreininni skuli aldrei ákvarðað lægra en akstursgjald skv. 1. mgr., þ.e. 10.000 kr. fyrir bifreið sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni og 5.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar. Breytingin er hugsuð til einföldunar á skattframkvæmd þar sem ekki verður þörf á að leiðrétta sérstaklega kílómetragjald í þeim markatilvikum þegar kílómetragjald samkvæmt álestri er lægra en það gjald sem fram kemur í 1. mgr. 7. gr.

Í öðru lagi er lagt til í nýrri 4. mgr. 7. gr. laganna að innflytjandi skuli greiða fullt akstursgjald skv. 1. mgr. fyrir hvert hafið 30 daga tímabil sem bifreið er á landinu hafi skráning á stöðu akstursmælis bifreiðar ekki farið fram við komu hennar til landsins. Nauðsynlegt er að tryggja að þeir aðilar sem gefa ekki upp kílómetrastöðu bifreiðar við komu hennar til landsins og fyrir liggur eða í ljós kemur að bifreið verði lengur en 30 daga hér á landi greiði þá akstursgjald fyrir hvert hafið 30 daga tímabil sem bifreið er á landinu. Akstursgjaldið fyrir hvert hafið 30 daga tímabil skal þá vera það sama og fram kemur í tillögunni um breytingu á 1. mgr. 7. gr., þ.e. 10.000 kr. fyrir bifreið sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni og 5.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar.

Breytingatillögur við þá tillögu sem fram kemur í samantekt ráðuneytisins (kafli 2.3.) frá 27. maí sl., eru rauðmerktar:

### 7. gr. laga nr. 101/2023 orðast svo:

Innflytjandi bifreiðar, sbr. 4. mgr. 3. gr. sem flytur inn gjaldskylda bifreið skv. 3. tölul. 2. gr. hingað til lands samkvæmt heimild tollyfirvalda skal greiða akstursgjald vegna tímabundinnar notkunar innanlands. Gjaldið skal nema 10.000 kr. vegna bifreiðar sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni og 5.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar.

Farmflytjanda ber skylda til að innheimta akstursgjald skv. 1. mgr. og standa skil á því í ríkissjóð. Gjald dags akstursgjalds er 30 dögum eftir komu bifreiðar til landsins og eindagi 14 dögum síðar. Ef farmflytjandi hefur ekki greitt á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

Ef ~~bifreið er dvöl-bifreiðar skv. 1. mgr. varir~~ lengur en 30 daga hér á landi í hvert sinn skal innflytjandi greiða kílómetragjald út frá skráningu á stöðu akstursmælis

bifreiðar við komu til landsins og við brottför frá landinu. Innflytjandi skal gera upp álagt kílómetragjald við brottför bifreiðar frá landinu. Akstursgjald skv. 1. mgr. sem skilað hefur verið í ríkissjóð vegna bifreiðar skal koma til frádráttar álöögðu kílómetragjaldi. **Kílómetragjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ákvarðað lægra en sem nemur akstursgjaldi skv. 1. mgr.**

**Hafi skráning á stöðu akstursmælis við komu bifreiðar til landsins ekki farið fram skal innflytjandi greiða fullt akstursgjald skv. 1. mgr. fyrir hvert hafið 30 daga tímabil sem bifreið er á landinu.**

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd og tilhögun innheimtu og skráningu þeirra bifreiða sem falla undir þessa grein

Að lokum vill ráðuneytið benda á að samkvæmt upplýsingum frá Skattinum er áformað að innflytjandi skrái inn kílómetrastöðu bifreiðar með rafrænum hætti út frá hlekk á stafrænu eyðublaði hjá Skattinum vegna tímabundins innflutnings ökutækis. Skráningin verði þannig á ábyrgð innflytjanda sem ber að skila upplýsingum um innflutninginn til Skattsins. Upplýsingar um kílómetrastöðu bifreiðar verður því ekki skráð sérstaklega með rafrænum hætti hjá farmflytjanda.